

**Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.**

**Ársreikningur samstæðu 2015**

**Efnisyfirlit****bls.**

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra .....	2-3
Áritun óháðs endurskoðanda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6-7
Sjóðstreymi .....	8
Skýringar .....	9-19

**Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf.**  
Kennitala 660805-1250  
Austurbakka 2, 101 Reykjavík

# Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

## Meginstarfsemi

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) og dótturfélög (samstæðan) starfa á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar. Hlutverk Höru er að annast eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvarinnar Höru við Austurhöfn í Reykjavík, auk tengdrar starfsemi.

## Samstæðan og starfsemin á árinu

Árið 2015 voru haldnar 1148 viðburðir í Höru og fjöldaði þeim um næstum þriðjung frá árinu 2014. Af 1.148 viðburðum voru 672 listviðburðir, þ.e. tónleikar, leiksýningar og listsýningar, og 476 ráðstefnur, fundir og veislur. Á árinu voru haldnar 11 alþjóðlegar ráðstefnur. Yfir 210.000 aðgöngumiðar voru afgreiddir í gegnum miðasölu Höru á síðasta ári en auk þess voru fjölmargir ókeypis viðburðir í húsinu svo og tónlistarhátför þar sem miðar voru líka seldir annars staðar.

Fjöldi heimsókna árið 2015 var 1,7 milljónir samanborið við 1,5 milljónir árið 2014. Mest fjölda heimsóknum í júní, október og desember eða yfir 30% milli ára. Þessa aukningu má rekja til fylgunar ferðamanna, ráðstefna og jólatónleika sem haldnar eru í Höru.

Nýting á sölum Höru, miðað við eina bókun á dag, er nálægt 70%, og er Eldborgarsalurinn best nýttur en þar fer hlutfallið yfir 90%.

Árið 2015 var lokið við þrjá nýja sali á austurhlið Höru sem eru 200 fermetrar hver, og nýttir til funda, æfinga og sýningaráhalds. Var þar með lokið byggingu Höru og er allt húsið komið í notkun.

Tap að fjárhæð 442,6 milljónir króna varð af starfsemi samstæðunnar árið 2015 samanborið við 548,2 milljóna króna tap árið 2014. Eigið fé samstæðunnar var jákvætt um 74,6 milljónir króna í árslok 2015. Fjöldi ársverka á árinu var 49. Nánar er fyllað um fjárhagsstöðu samstæðunnar í skýringu 13 í ársreikningnum.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun samstæðunnar, komi fram í ársreikningnum.

## Atburðir eftir lok reikningsárs

Þann 25. febrúar 2016 janúar síðastliðinn ógilti Hæstaréttur úrskurð yfirfasteignamatsnefndar þess efnis fasteignamat Höru skuli byggt á byggingskostnaði hússins eins og þjóðskrá taldi rétt að gera en stjórnendur Höru töldu rétt að miða fasteignamatið við rekstrarvirði hússins en ekki byggingskostnað og leituðu því til dómstóla.

Niðurstöðan er mikið fagnaðarefni og ánægjulegur endir á 4ra ára baráttu. Þetta þýðir að nú þarf þjóðskrá að vinna nýtt mat þar sem tekið væri tillit til sjónarmiða stjórnenda Höru. Enn er alltof snemmt að segja til um hver niðurstöða slíks mats verður. Stjórnendur Höru hafa áætlað fasteignamat byggt á tekjuvirði um sjö milljarða króna. Miðað við það mat gætu fasteignagjöldin lækkað í heild um a.m.k. 950 milljónir fyrir öll árin. Leiðréttung á fasteignagjöldum mun taka til áranna 2011 til og með 2015. Í ársreikningi hafa gjaldfærð fasteignagjöld vegna ársins 2015 verið leiðrétt vegna dómsins, en ekki fyrri ár og engar fjárhæðakröfur verið færðar í efnahagsreikning vegna þess. Frekari upplýsingar er að finna í skýringu 13.

## Fjárhagsstaða samstæðunnar

Í ljósi dóms Hæstaréttar er það mat stjórnenda að samstæðan geti staðið við allar sínar skuldbindingar sem falla til næstu 12 mánuði. Nánar er fyllað um fjárhagsstöðu samstæðunnar í skýringu 13.

## Jöfnun taps

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi jöfnun taps.

## Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

### Eignaraðild

Engin breyting varð á eignarhaldi félagsins á árinu og er það að 54% hluta í eigu íslenska ríkisins og 46% hluta í eigu Reykjavíkurborgar.

### Fjárhagsleg áhættustjórnun

Helstu fjárhagslegu áhættuþættir samstæðunnar eru lausafjáráhætta og vaxtaáhætta. Upplýsingar um fjárhagslega áhættustjórnun og áhættuþætti er að finna í skyringu 17.

Stjórn Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. apríl 2016.

Stjórn:

Svanhildur Konráðsdóttir  
varaformaður

Ásta Möller

Guðfinna S. Bjarnadóttir  
formaður

Kjartan Örn Ólafsson

Vilhjálmur Egilsson

Forstjóri:

Halldór Guðmundsson

## Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss ohf. fyrir árið 2015. Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarrekning, efnahagsrekning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna svíksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álití sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeiri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum svíksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2015, efnahag hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 20. apríl 2016.

PricewaterhouseCoopers ehf



Vignir Rafn Gíslason  
löggiltur endurskoðandi

## Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	Samstæða 2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Tekjur af starfsemi .....	3, 11	1.066.020.738	940.958.252
Framlag ríkis og borgar til rekstrar Hörpu .....	3	<u>170.348.557</u>	<u>167.906.164</u>
		<u>1.236.369.295</u>	<u>1.108.864.416</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Húsnæðiskostnaður .....	4	399.572.148	622.098.115
Laun og launatengd gjöld .....	4	461.655.910	431.868.720
Aðkeypt þjónusta .....	4	246.260.239	203.700.545
Annar rekstrarkostnaður .....	4	<u>241.561.195</u>	<u>232.044.060</u>
		<u>1.349.049.492</u>	<u>1.489.711.440</u>
<b>Rekstrartap (EBITDA) fyrir afskriftir og fjármagnsliði</b>		(112.680.197)	(380.847.024)
Afskriftir .....	6, 7	339.247.012	333.431.516
<b>Rekstrartap</b>		(451.927.209)	(714.278.540)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Hrein fjármagnsgjöld .....	5	(1.059.833.592)	(885.326.332)
<b>Tap fyrir framlag eigenda</b>		(1.511.760.801)	(1.599.604.872)
<b>Framlag til greiðslu afborgana og vaxta</b>			
Framlag ríkis og borgar v. fjármögnunar fasteignar og búnaðar .....	3, 11	1.069.237.224	1.053.906.908
<b>Tap af reglulegri starfsemi</b>		(442.523.577)	(545.697.964)
Reiknaður tekjuskattur .....	12	(61.198)	(2.479.226)
<b>Tap ársins</b>		<u>(442.584.775)</u>	<u>(548.177.190)</u>
Afkoma skiptist á eftirfarandi hátt:			
Eigendur félagsins .....		(445.661.435)	(550.390.728)
Hlutdeild minnihluta .....		<u>3.076.660</u>	<u>2.213.538</u>
		<u>(442.584.775)</u>	<u>(548.177.190)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	31.12.2015	Samstæða 31.12.2014
<b>Fastafjármunir</b>			
Óefnislegar eignir:	6		
Hugbúnaður .....		5.502.424	8.884.062
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Fasteign .....		17.117.507.585	17.246.996.936
Áhöld, tæki og búnaður .....		2.745.559.019	2.908.521.135
		<u>19.863.066.604</u>	<u>20.155.518.071</u>
Áhaettufjármunir og langtímakröfur:			
Tekjuskattseign .....	12	0	22.288
<b>Fastafjármunir samtals</b>			
		19.868.569.028	20.164.424.421
<b>Veltufjármunir</b>			
Kröfur á tengd félög .....	11	30.016.061	999.389
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	8	340.261.148	190.237.341
Handbært fé .....		136.410.866	213.977.328
		<u>506.688.075</u>	<u>405.214.058</u>
<b>Eignir samtals</b>			
		<u>20.375.257.103</u>	<u>20.569.638.479</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

		Samstæða	
	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	<b>9</b>		
Hlutafé .....		3.272.326.000	3.272.326.000
Ójafnað tap .....		<u>(3.207.369.916)</u>	<u>(2.761.708.482)</u>
Hlutdeild minnihluta .....		64.956.084	510.617.518
		<u>9.618.695</u>	<u>6.542.036</u>
		<u>74.574.779</u>	<u>517.159.554</u>
<b>Skuldir</b>			
Skuldbindingar:			
Tekjuskattsskuldbinding .....	12	38.910	0
Langtímaskuldir:			
Skuldir í íslenskum krónum .....	10	19.241.788.537	19.236.479.482
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	10	388.107.510	369.175.231
Skuldir við tengda aðila .....	11	65.290.602	65.290.598
Öuppert vegna viðburða .....		226.196.938	132.533.135
Yfirdráttur í banka .....		45.786.915	20.506.427
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		<u>333.472.912</u>	<u>228.494.052</u>
		<u>1.058.854.877</u>	<u>815.999.443</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<b>20.300.682.324</b>	<b>20.052.478.925</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>20.375.257.103</u></b>	<b><u>20.569.638.479</u></b>
<b>Fjárhagsleg áhættustjórnun</b>	<b>17</b>		
<b>Aðrar upplýsingar</b>		<b>12-17</b>	

## Sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri (til rekstrar):			
Tap ársins .....	(442.584.775)	(548.177.190)	
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárdreymí:			
Afskriftir .....	5-6      339.247.012	333.431.516	
Aðrir liðir .....	14      388.689.174	201.092.421	
	285.351.411	(13.653.253)	
(Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....	(152.050.162)	59.892.619	
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....	207.091.826	19.245.888	
	55.041.664	79.138.507	
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<u>340.393.075</u>	<u>65.485.254</u>	
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	6      (43.413.907)	(189.859.216)	
Kaupverð óefnislegra eigna .....		0	(2.390.400)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	156.175
Breyting skammtímakrafna til tengdra aðila .....		(29.016.672)	(999.389)
		(72.430.579)	(193.092.830)
<b>Fjármögnumarhreyfingar</b>			
Ný langtímalán .....		0	129.000.000
Afborganir langtímalána .....		(364.386.642)	(335.616.637)
Skammtímalán breyting .....		<u>18.857.684</u>	<u>13.674.791</u>
		(345.528.958)	(192.941.846)
<b>(Lækkun) á handbæru fé</b>	<u>(77.566.462)</u>	<u>(320.549.422)</u>	
Handbært fé í byrjun árs .....		<u>213.977.328</u>	<u>534.526.749</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>	<u><u>136.410.866</u></u>	<u><u>213.977.328</u></u>	
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Móttknir vextir .....		3.624.683	15.174.066
Greiddir vextir .....		(681.252.933)	(699.457.706)

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. (Harpa) og dótturfélög (samstæðan) starfa á sviði fasteignastjórnunar og rekstrar. Hlutverk Hörpu er að sjá um eignarhald og rekstur tónlistar- og ráðstefnumiðstöðvar við Reykjavíkurhöfn. Upplýsingar um dótturfélögin eru í skýringu nr. 16.

Félagið er í eigu íslenska ríkisins að 54% hluta og Reykjavíkurborgar að 46% hluta. Aðsetur félagsins er að Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

## 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### 2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo möt þessi séu samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verömæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### 2.2 Fjárhagsleg staða og rekstrarhæfi samstæðunnar

Umfjöllun um fjárhagslega stöðu samstæðunnar er að finna í skýringu nr. 13. Á grundvelli þess, sem þar er lýst, er miðað við að samstæðan sé rekstrarhæf. Ársreikningurinn er lagður fram á þeim grundvelli.

### 2.3 Samstæðureikningur

Félög sem innifalin eru í samstæðunni uppfylla þau skilyrði að móðurfélagið eða önnur félög innan samstæðunnar hafa yfir að ráða meira en helming af atkvæðavægi innan viðkomandi félags eða hefur á annan hátt vald til þess að hafa veruleg áhrif á stjórnun þess. Dótturfélög eru færð í samstæðureikning frá þeim degi sem stjórnun félaga færast til samstæðunnar og til þess dags sem stjórnun er ekki lengur í höndum hennar. Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum einstakra félaga í samstæðunni en öllum innbyrðis viðskiptum, inneignum, skuldum og óinnleystum hagnaði er eytt í samstæðunni.

Í móðurfélagsreikningi eru færð afkomuáhrif dótturfélaga miðað við hlutdeild móðurfélags í eigin fé viðkomandi dótturfélaga. Hlutdeild í tapi dótturfélaga er fært á móti eignarhlut í viðkomandi dótturfélagi að því marki að bókfært verð eignarhlutar verði ekki neikvætt. Ef hlutdeild í tapi er hærri þá færist það á móti kröfu móðurfélagsins á dótturfélagið að því marki sem krafan dugar á móti gjaldfærslunni. Hlutdeild í tapi umfram það er ekki fært nema talið sé að móðurfélagið þurfi að bera skuldbindingar dótturfélagsins.

### 2.4 Framsetning rekstrarreiknings

Í rekstrarreikningi eru tekjur af starfsemi í Hörpu settar fram sem rekstrartekjur. Samningsbundin framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg vegna afborganar og vaxta af fjármögnun fasteignar eru sérgreind. Stjórnendur telja þessa framsetningu gefa glöggja mynd þar sem framlöginn nýtast til afbonganar og vaxta en ekki í rekstur starfseminnar. Í því sambandi visast til ákvæða 13. gr. reglugerðar nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

### 2.5 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af framlagi frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg, vegna rekstrar annars vegar og fjármögnunar lána hins vegar, og öðrum tekjum. Tekjur vegna framlaga eru færðar á grundvelli samninga þar um. Tekjur af veitri þjónustu vegna starfsemi í Hörpu eru færðar þegar unnið er til þeirra. Tekjur samanstanda af seldri þjónustu, útleigu aðstöðu og umboðslaunum vegna viðburða á borð við tónleika og ráðstefnur í Hörpu.

## Skýringar

### 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, frh.

#### 2.6 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Vaxtagjöld eru gjaldfærð þegar þau falla til samanber þó skýringu 2.9.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

#### 2.7 Verð- eða gengistryggðar eignir og skuldir

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreknaðar miðað við vísítölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2016. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikningi. Á byggingartíma fasteignar var framangreindur kostnaður færður sem hluti af byggingarkostnaði fasteignar.

#### 2.8 Óefnislegar eignir

##### Tölvuhugbúnaður

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald tölvuhugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem beint tengist sérstökum hugbúnaði sem samstæðan á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma lætur, er eignfærður sem óefnisleg eign. Beinn kostnaður í þessu sambandi er kostnaður starfsmanna sem starfa við verkefnið og ákveðin hlutdeild í óbeinum kostnaði.

Kostnaður við endurbætur á tölvuhugbúnaði, umfram það sem hann var í upphafi, er eignfærður sem og keyptur hugbúnaður. Tölvuhugbúnaður er gjaldfærður á áætluðum nýtingartíma en að hámarki 4 árum.

#### 2.9 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðar-/endurmetnu verði og hrakvirði á áætluðum endingartíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir .....	100 ár
Áhöld, tæki og innréttningar .....	4-30 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Á árinu 2009 áttu sér stað breytingar á fjárhagslegri skipan samstæðunnar sem leiddi til þess að endurheimtanlegt verð lækkaði og var bókfært verð byggingarkostnaðar lækkað sem því nam. Samsvarandi lækkun var á skuldum samstæðunnar. Kostnaðarverð sem sýnt er í skýringu 6 tekur tillit til þeirrar lækknar sem þá átti sér stað.

Hagnaður og tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði eigna á söludegi og er hluti af rekstrarhagnaði.

Vaxtagjöld og verðbætur af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna varanlega rekstrarfjármuni voru eignfærð á þeim tíma sem það tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í rekstrarreikningi. Eftir að skilgreindum byggingartíma lauk á árinu 2011 hafa öll vaxtagjöld verið gjaldfærð.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

#### 2.10 Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum samstæðunnar.

## Skýringar

### 2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir, frh.

#### 2.11 Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði, óbundnum bankainnstaðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

#### 2.12 Hlutafé

Almennt hlutafé er flokkað sem eigið fé.

Kostnaður við útgáfu nýs hlutafjár, annar en í tengslum við samruna, er færður til lækkunar á innborguð eigin fé að frádregnum tekjuskatti. Kostnaður við útgáfu hlutafjár í tengslum við samruna er færður til hækkanar á kaupverðinu.

Þegar félagið eða dótturfélög kaupa hlutafé í sjálfa sér er kaupverðið fært í heild sinni til lækkunar á eigin fé sem eigin hlutabréf þar til bréfin eru afskráð eða sold.

#### 2.13 Lántaka

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði, að frádregnum viðskiptakostnaði sem stofnað er til. Lántaka er síðan færð á afskrifuð kostnaðarverði; mismunur, ef einhver er, á andvirðinu (að frádregnum viðskiptakostnaði) og innlausnarvirði er fært í rekstrarreikning að teknu tilliti til reglubundinnar dreifingar affalla/yfirverðs.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema félagið hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

#### 2.14 Viðskiptaskuldur

Viðskiptaskuldur eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

## Skýringar

### 3. Rekstrartekjur

	2015	2014
<b>Tekjur af starfsemi Hörpu</b>		
Leigutekjur .....	180.850.891	179.171.909
Viðburðir og ráðstefnur .....	596.539.413	504.427.946
Rekstrarleyfissamningar .....	214.190.516	173.813.475
Ýmsar tekjur .....	74.439.918	83.544.922
	<hr/> 1.066.020.738	<hr/> 940.958.252

### Framlag ríkis og borgar vegna rekstrar

Auk framlags ríkis og borgar vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar hafa eigendur skuldbundið sig til að greiða framlag til rekstursins árin 2013 til 2016, m.a. vegna aukins kostnaðar í tengslum við fasteignagjöld.

Framlag til rekstrar Hörpu .....	170.348.557	167.906.164
----------------------------------	-------------	-------------

### Framlag ríkis og borgar vegna fjármögnunar fasteignar og búnaðar

Framlag ríkis og borgar til fjármögnunar fasteignarinnar Hörpu og tækjabúnaðar er fóst árleg fjárhæð og er bundið vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 237,4. Framlag ársins nam 1.069,2 milljónum króna, samanborið við 1.053,9 milljónir króna á árinu 2014. Framlagið er tekjufært í rekstrarreikningi samstæðunnar, en er notað að öllu leyti til greiðslu lána og vaxta tengdum byggingarframkvæmdum. Samkvæmt samningi við íslenska ríkið og Reykjavíkurborg skal framlagið greitt mánaðarlega í 35 ár. Greiðslur hófust í mars 2011.

### 4. Rekstrargjöld

Rekstrargjöld samstæðunnar greinast þannig:

	2015	2014
<b>Húsnaðiskostnaður</b>		
Fasteignaskattur .....	134.630.804	366.067.325
Annar húsnaðiskostnaður .....	264.941.344	256.030.790
	<hr/> 399.572.148	<hr/> 622.098.115

Áætluð áhrif dóms Hæstaréttar til lækkunar fasteignagjalda ársins eru 242,4 milljónir króna, sbr. skýring 13.

### Laun og launatengd gjöld færð í rekstur

Laun .....	380.483.793	358.836.429
Launatengd gjöld .....	81.172.117	73.032.291
	<hr/> 461.655.910	<hr/> 431.868.720

Hjá samstæðunni voru 107 á launaskrá á árinu 2015 í um 49 stöðugildum, samanborið við 94 á launaskrá á árinu 2014 í um 48 stöðugildum.

Laun og þóknar til stjórnenda námu 26,4 milljónum króna 2015 samanborið við 25 milljónir árið 2014.

Samstæðan hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lífeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

### Aðkeypt þjónusta

Aðkeypt þjónusta vegna listviðburða og ráðstefna .....	200.818.625	166.171.481
Önnur aðkeypt þjónusta .....	45.441.614	37.529.064
	<hr/> 246.260.239	<hr/> 203.700.545

### Annar rekstrarkostnaður

Kostnaður tengdur miðakerfi .....	34.337.098	29.301.612
Markaðskostnaður .....	48.338.780	60.346.182
Veittir styrkir .....	25.015.000	25.450.000
Annar rekstrarkostnaður .....	133.870.317	116.946.266
	<hr/> 241.561.195	<hr/> 232.044.060

## Skýringar

### 5. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Bankareikningar	Langtíma-eign / skuld	Aðrir liðir	Samtals 2015	Samtals 2014
Vaxtatekjur og verðbætur ...	3.157.436	2.162	3.159.598	15.174.066	
Eftirgjöf skulda við Situs .....		30.723.267	30.723.267	0	
Vaxtagjöld og verðbætur ....	(1.093.991.325)	(99.530)	(1.094.090.855)	(896.066.564)	
Gengismunur .....		374.398	374.398	(4.433.834)	
	3.157.436	(1.093.991.325)	31.000.297	(1.059.833.592)	(885.326.332)

### 6. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru tilkomnar vegna eignfærslu á hugbúnaði, sbr. skýringu 2.8, og greinast þannig hjá samstæðunni:

	31.12.2015	31.12.2014
Bókfært verð í ársbyrjun .....	8.884.062	13.217.780
Viðbót ársins .....	0	2.390.400
Afskriftir .....	(3.381.638)	(6.724.118)
Bókfært verð í árslok .....	5.502.424	8.884.062

Bókfært verð í árslok greinist þannig:

	24.116.125	24.116.125
Kostnaðarverð .....	(18.613.701)	(15.232.063)
Bókfært verð í árslok .....	5.502.424	8.884.062

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttningar	Fasteign	Samtals
<b>Árslok 2014:</b>			
Bókfært verð í ársbyrjun .....	3.019.945.272	17.272.577.156	20.292.522.428
Viðbót ársins .....	55.828.629	134.030.587	189.859.216
Bókfært verð seldra eigna .....	(156.175)	0	(156.175)
Afskriftir .....	(167.096.591)	(159.610.807)	(326.707.398)
Bókfært verð í árslok .....	2.908.521.135	17.246.996.936	20.155.518.071

Bókfært verð í árslok 2014 greinist þannig:

	3.498.646.096	17.875.132.613	21.373.778.709
Kostnaðarverð .....	(590.124.961)	(628.135.677)	(1.218.260.638)
Bókfært verð í árslok .....	2.908.521.135	17.246.996.936	20.155.518.071

### Árslok 2015:

	2.908.521.135	17.246.996.936	20.155.518.071
Viðbót ársins .....	10.798.139	32.615.768	43.413.907
Afskriftir .....	(173.760.254)	(162.105.120)	(335.865.374)
Bókfært verð í árslok .....	2.745.559.019	17.117.507.585	19.863.066.604

Bókfært verð í árslok 2015 greinist þannig:

	3.509.444.235	17.907.748.381	21.417.192.616
Kostnaðarverð .....	(763.885.215)	(790.240.797)	(1.554.126.012)
Bókfært verð í árslok .....	2.745.559.019	17.117.507.585	19.863.066.604

## Skýringar

### 7. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Gjaldfærðar afskriftir í rekstrarreikningi samstæðunnar greinast þannig:	2015	2014
Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna .....	(335.865.374)	(326.707.398)
Afskrift óefnislegra eigna (skýring 5) .....	(3.381.638)	(6.724.118)
	<hr/>	<hr/>
	(339.247.012)	(333.431.516)

### Fasteignamat og vátryggingaverömæti

Fasteignir samstæðunnar í árslok 2015 voru eftirtaldar:

	Fasteignamat hús	Fasteignamat, lóð	Brunabótamat	Bókfært verð
Austurbakki 2 .....	22.271.500.000	804.000.000	30.862.868.000	17.117.507.585

Lausafé og búnaður eru vátryggð fyrir 1.285 milljónir króna.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar þann 25. febrúar 2016 var úrskurður yfirfasteignamatsnefndar um fasteignmat ógiltur, sbr. umfjöllun í skýringu 13. Fjárhæðir í töflunni hér að ofan miðast við fasteignamatið án tillits til niðurstöðu dómsins.

### Veðsetningar

Á fasteign samstæðunnar hvíla þinglýst veð og skuldbindingar til tryggingar skuldum hennar, sem voru að uppgreiðsluvirði um 19,2 milljarðar króna í árslok 2015. Til tryggingar eru þinglýst tryggingarbréf með veði í fasteigninni, Tónlistarhús 01-0101. Nafnverð tryggingarbréfa nemur 18 milljörðum króna. Tryggingarbréf eru bundin vísitölu neysluverðs og nemur framreknað verð til ársloka 24,3 milljörðum króna. Auk þess eru mánaðarleg framlög frá íslenska ríkinu og Reykjavíkurborg sett að veði til tryggingar á skuldum.

### 8. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur greinist þannig hjá samstæðunni:

	31.12.2015	31.12.2014
Viðskiptakröfur .....	259.189.183	117.300.750
Kröfur vegna miðasölu .....	101.600.519	76.443.381
Niðurfærsla krafna .....	(27.877.922)	(6.600.000)
Viðskiptakröfur, nettó .....	<hr/>	<hr/>
	332.911.780	187.144.131
Aðrar kröfur .....	7.349.368	3.093.210
	<hr/>	<hr/>
	340.261.148	190.237.341

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður til að mæta áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður niðurfærslureikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast, og er hann dreginn frá eignfærðum viðskipta- og skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

	31.12.2015	31.12.2014
Frá fyrra ári .....	(6.600.000)	(6.600.000)
Gjaldfærð niðurfærsla ársins .....	(21.277.922)	0
Tapaðar kröfur .....	0	0
Staða í lok árs .....	<hr/>	<hr/>
	(27.877.922)	(6.600.000)

### 9. Eigið fé

Hlutafé félagsins nam í árslok kr. 3.272.326.000 og er það óbreytt á milli ára. Fjöldi hluta er 3.272.326.000, hver að virði 1 króna.

## Skýringar

### 9. Eigið fé, frh.

#### Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Hlutafé	Ójafnað tap	Samtals	Minnihluti	Samtals eigið fé
<b>Hreyfingar 2014:</b>					
Staða í ársbyrjun .....	3.272.326.000	(2.211.317.754)	1.061.008.246	4.328.498	1.065.336.744
Tap ársins .....		(550.390.728)	(550.390.728)	2.213.538	(548.177.190)
Staða í árslok .....	<u>3.272.326.000</u>	<u>(2.761.708.482)</u>	<u>510.617.518</u>	<u>6.542.036</u>	<u>517.159.554</u>

#### Hreyfingar 2015:

Staða í ársbyrjun .....	3.272.326.000	(2.761.708.482)	510.617.518	6.542.036	517.159.554
Tap ársins .....		(445.661.435)	(445.661.435)	3.076.660	(442.584.775)
Staða í árslok .....	<u>3.272.326.000</u>	<u>(3.207.369.917)</u>	<u>64.956.083</u>	<u>9.618.696</u>	<u>74.574.779</u>

### 10. Lántaka

Lántaka greinist þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Verðbréfaútgáfa:		
Verðtryggðar skuldur HARP 46 0217 vextir 3,55% .....	19.668.453.708	19.642.010.277
Lántökukostnaður færður til gjalda á líftíma láns .....	(157.799.915)	(164.684.959)
	<u>19.510.653.793</u>	<u>19.477.325.318</u>
Aðrar langtímaskuldir, í íslenskum krónum:		
Skuldabréf, verðtryggt með vístölu neysluverðs, breytilegir vextir 5,3% .....	119.242.254	128.329.395
Langtímaskuldir samtals .....	<u>19.629.896.047</u>	<u>19.605.654.713</u>

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í árslok 2015 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2016 .....	388.107.510
Árið 2017 .....	401.425.177
Árið 2018 .....	415.215.672
Árið 2019 .....	429.495.770
Árið 2020 .....	458.415.390
Síðar .....	<u>17.537.236.526</u>
	<u>19.629.896.047</u>

Langtímaskuldir samtals 19.629,9 milljónir króna koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2016, færðar meðal skammtímaskulda .....	388.107.510
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar .....	19.241.788.537
	<u>19.629.896.047</u>

#### Verðbréfaútgáfa:

Verðbréfaútgáfa að fjárhæð 19.510 milljónir króna eru skuldabréf samstæðunnar útgefin hjá Kauphöll Ísland, Nasdaq OMX, undir auökenninu HARP 46 0217. Samkvæmt skilmálum skuldabréfanna er lánið verðtryggt með vístölu neysluverðs og föstum vöxtum, 3,55%. Skuldabréfin eru án uppgreiðsluheimildar.

Skuldabréfin greiðast með 394 jöfnum greiðslum (annuitet), sem felur í sér að afborgun nafnverðs fer vaxandi eftir því sem líður á lánstímann. Fyrsti gjalddagi var í maí 2013 og síðasti gjalddagi verður þann 15. febrúar 2046. Áætluð heildargreiðsla lánsins með vöxtum og verðbótum er 1.067 milljónir króna á árinu 2016.

Skuldabréfin eru tryggð með veði í framlagi ríkis og borgar, fyrsta veðrétti í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Höru auk handveðsréttar í bankainnstæðum félagsins.

## Skýringar

### 10. Lántaka, frh.

#### Verðbréfaútgáfa, frh.:

Íslenska ríkið (54%) og Reykjavíkurborg (46%) hafa skuldbundið sig til að greiða fasta árlega fjárhæð, sem bundin er vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeiri þjónustu sem felst í því annars vegar að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsini Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning Hrings og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfaflokki félagsins.

#### Aðrar langtímaskuldir:

Skuldabréf í íslenskum krónum verðtryggt með vísitölu neysluverðs var tekið í desember 2014, til 9 ára. Það er tryggt með veði í leigugreiðslum og handveði í innstæðu bankareiknings. Vextir eru breytilegir.

### 11. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru dótturfélög, báðir hluthafar félagsins, systurfélagið Síðus ehf., stjórn félagsins, forstjóri og nánir fjölskyldumeðlimir fyrrgreindra aðila. Þessi skilgreining er byggð á ákvæðum í settum reikningsskilareglum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	Samstæða 2015	Samstæða 2014
Framlög frá eigendum .....	1.239.585.781	1.221.813.072
Þjónustutekjur frá tengdum aðilum .....	9.645.143	14.208.669
Fasteignaskattur til eiganda .....	134.630.804	366.067.325
Önnur rekstrargjöld .....	0	380.200
Skammtímakröfur á Síðus ehf. .....	30.016.061	999.389
Skammtímaskuldir við Reykjavíkurborg .....	65.290.602	65.290.598

Upplýsingar um launagreiðslur til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4.

### 12. Skattamál

Félög innan samstæðunnar greiða engan tekjuskatt vegna reksturs ársins 2015. Yfirlæranlegt tap félaga innan samstæðunnar nam í árslok 6.201,8 milljónum króna og er nýtanlegt til ársloka 2019 til 2025.

Hagræði vegna skattalegs taps félagsins er ekki eignfært vegna óvissu um nýtingu. Óveruleg fjárhæð vegna tekjuskattsskuldbindingar dótturfélags er færð til skuldar.

Ójafnað rekstrartap í lok árs 2015 greinist þannig:

Tap ársins 2009, nýtanlegt til ársloka 2019 .....	85.826.770
Tap ársins 2012, nýtanlegt til ársloka 2022 .....	4.427.815.550
Tap ársins 2013, nýtanlegt til ársloka 2023 .....	221.350.640
Tap ársins 2014, nýtanlegt til ársloka 2024 .....	820.923.150
Tap ársins 2015, nýtanlegt til ársloka 2025 .....	645.867.253
	<hr/> 6.201.783.363

## Skýringar

### 13. Fjárhagsleg staða samstæðunnar

Í samningi um rekstur og starfsemi Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúss hafa eigendur Hörpu, íslenska ríkið og Reykjavíkurborg, skuldbundið sig með skilyrðislausum og óafturkræfum hætti að greiða mánaðarlegt framlag til Hörpu í 35 ár. Framlagið er bundið vísitölu neysluverðs og er greiðsla vegna kaupa á þeirri þjónustu sem felst í því annars vega að Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. eigi tónlistar- og ráðstefnuhús og hins vegar reki aðstöðu í tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu. Framlagið greiðist mánaðarlega í 35 ár frá 15. mars 2011. Framlagið greiðist inn á veðsettan bankareikning dótturfélags Hörpu, Greiðslumiðunin Hrings og verður ávallt fyrst nýtt til að greiða mánaðarlegar afborganir af skuldabréfum í skuldabréfaflokki samstæðunnar. Framlag þetta er grundvöllur þess að samstæðan á að geta staðið undir fjárhagslegum langtíma skuldbindingum sínum til framtíðar. Í skýringu 17 um fjárhagslega áhættustjórnun má sjá að fjárhæð ónúvirts framlags á samningstímanum til ársins 2046 er áætlað aðeins hærra en ónúvirtar afborganir og vaxtagreiðslur af langtímafjármögnum.

Í mars 2013 var gengið frá samkomulagi við eigendur um að breyta skuldum við ríki og borg í hlutafé. Tilgangur framangreinds samkomulags fólst í að skjóta stoðum undir rekstur Hörpu og var einnig samþykkt að eigendur leggðu til sérstök árleg framlög til rekstrar Hörpu að fjárhæð 160 milljónir króna í allt að 4 ár, eða fyrir árin 2013-2016. Framangreind fjárfamlög eru bundin vísitölu neysluverðs, með grunnvísitölu 400,7.

Niðurstaða rekstrar Hörpu hefur verið óhagfellari en gert var ráð fyrir í upphafi, einkum vegna hærri fasteignagjalda. Hæstaréttardómurinn frá 25. febrúar 2016 sneri við dómi Héraðsdóms og segir að fasteignamat skuli byggð að rekstrarvirði hússins en ekki byggingakostnaði eins og þjóðskrá hefur miðað við frá árinu 2011. Það leiðir til þess að fasteignagjöld munu lækka verulega og afturvirktr frá upphaflegri álagningu þeirra á árinu 2011. Of snemmt er að segja til hversu háar þær fjárhæðir verða þar sem endurálagningu þjóðskrár er ekki lokið en líklegt er að heildaráhrif gætu numið a.m.k. 950 milljónum króna án vaxta. Áhrif breytinganna árin 2011 til 2014 eru ekki færð í ársreikninginn og engar fjárförur færðar í efnahagsreikning vegna þess. Áætluð áhrif vegna ársins 2015 eru færð og nema þau 242 milljónum króna fyrir það ár eingöngu og byggist síðu fjárhæð á útreikningi samkvæmt grunni sem þjóðskrá Íslands hefur nýlega gefið út. Í ljósi þessarar stöðu er það mat stjórnenda að samstæðan geti staðið við allar sínar skuldbindingar sem falla til næstu 12 mánuði. Ef mat stjórnenda gengur ekki eftir ríkir verulegur vafi um rekstrarhæfi samstæðunnar.

### 14. Aðrar upplýsingar

#### Innskattskvöð

Vegna byggingar tónlistar- og ráðstefnuhúss og bílastæðahúss hvílir á samstæðunni innskattskvöð sem nam um 5.453 milljónum króna í lok ársins og er til allt að 20 ára. Fyringatími innskattskvaðar hófst þegar húsnæðið var tekið í notkun árið 2011. Innskattskvöðin er háð óvissu sem felst í að útskattur á fyrningartíma nemi hærri fjárhæð en sem nemur framangreindri fjárhæð innskattskvaðar.

#### Vátryggingar

Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 1.135 milljónum króna.

### 15. Sjóðstreymi

	2015	2014
Aðrir liðir sem ekki hafa áhrif á fjárdstreymi samkvæmt sjóðstreymi greinast þannig:		
Áfallnar ógr. verðbætur skuldbréfaútgáfu, dreifing lántökugjalda og yfirverðs .....	388.627.976	201.114.709
Tekjuskattseign/tekjuskattsskuldbinding .....	61.198	(22.288)
	<hr/> <u>388.689.174</u>	<hr/> <u>201.092.421</u>

## Skýringar

### 16. Dótturfélög og samstæðureikningsskil

Í lok ársins eru dótturfélög sem innifalin eru í samstæðureikningsskilunum þessi:

Nafn og lögheimili	Starfsemi og eignarhlutur	Afkoma 2015	Eigið fé 31.12.2015
Greiðslumiðlunin Hringur ehf. ....	Lántaka vegna byggingar	100%	6.887.481
Rekstrarfélagið Stæði slhf. ....	Rekstur bílastæðahúss	77,1%	13.411.769
Rekstrarfélagið Hörpustrengir ehf. ....	Skipulagning viðburða	100%	4.167.496

### 17. Fjárhagsleg áhættustjórnun

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu þess. Stjórnin hefur falið forstjóra umsjón með daglegri áhættustýringu samstæðunnar.

#### (a) Áhættustjórnun fjármögnunar

Markmið samstæðunnar við stjórnun fjármögnunar er að tryggja að framlög ríkisins og Reykjavíkurborgar standi undir afborgunum og vöxtum af lántökum. Ekki er ætlast til að samstæðan skili arðsemi til hluthafa.

Fjármögnun samstæðunnar sundurliðast með eftirfarandi hætti, fjárhæðir í þús. króna:

	31.12.2015	31.12.2014
Lántökur í lok árs .....	19.629.896	19.605.655
Frádregið: handbært fé .....	<u>(136.411)</u>	<u>(213.977)</u>
Lántökur nettó .....	19.629.760	19.391.677
Eigið fé .....	<u>74.575</u>	<u>512.090</u>
<b>Fjármögnun samtals .....</b>	<b>19.629.834</b>	<b>19.903.767</b>

#### (b) Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar.

Félagið metur tapsáhættu af kröfum og færir niðurfaerslu á móti mögulegu tapi slíkra krafna ef slíkt á við.

Mesta mögulega tap vegna lánsáhætta án tillits til veða er bókfært verð allra fjáreigna samstæðunnar.

#### (c) Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Fjárhagsskuldbindingar samstæðunnar felast fyrst og fremst í skuldabréfaútgáfu frá árinu 2013, en samningar fyrirtækisins ganga út frá að alltaf sé til laust fé til greiðslu skuldarinnar. Fyrir liggur samningur til 35 ára við Ríkissjóð Íslands og Reykjavíkurborg um framlög sem ganga til greiðslu langtímalánsins.

Taflan hér að neðan greinir skuldir samstæðunnar í flokka eftir gjalddögum þeirra. Fjárhæðir í töflunni vegna greiðslustreymis eru ónúvirtar samningsbundnar greiðslur afborgana og vaxta. Skuldir á gjalddaga innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings eru á bókfærðu verði þar sem áhrif núvirðingar eru óveruleg. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

<b>Staða 31. desember 2015</b>	<b>Bókfært verð</b>	<b>Greitt innan 12 mánaða</b>	<b>Greitt eftir 12 mánuði</b>	<b>Samtals</b>
Langtímaskuldir (skuldabréfaútgáfa) .....	19.510.654	1.067.487	30.971.747	32.039.233
Langtímaskuldir við fjármálastofnanir .....	119.242	13.951	125.562	139.513
Skuldir við tengda aðila .....	65.291	65.291	0	65.291
Aðrar skammtímaskuldir .....	605.457	605.457	0	605.457
	<b>20.300.643</b>	<b>1.752.185</b>	<b>31.097.309</b>	<b>32.849.494</b>

## Skýringar

### 17. Fjárhagsleg áhættustjórnun, frh.

#### (c) Lausafjáráhætta, frh.

	Bókfært verð	Greitt innan 12 mánaða	Greitt eftir 12 mánuði	Samtals
<b>Staða 31. desember 2014</b>				
Langtímaskuldur (skuldabréfaútgáfa) .....	19.477.325	1.047.099	31.412.971	32.460.070
Langtímaskuldur við fjármálastofnanir .....	128.329	15.015	120.116	135.131
Skuldir við tengda aðila .....	65.291	65.291	0	65.291
Aðrar skammtímaskuldur .....	381.534	381.534	0	381.534
	<b>20.052.479</b>	<b>1.508.938</b>	<b>31.533.087</b>	<b>33.042.025</b>

Taflan hér að neðan greinir framlag til fjármögnunar Hörpu frá Ríkissjóði Íslands og Reykjavíkurborg. Fjárhæðir eru ónúvirtar m.v. verðlag í lok árs 2015 og birtar í þúsundum króna.

	Framlag ársins	Greitt innan 12 mánaða	Greitt eftir 12 mánuði	Samtals
<b>Staða 31. desember 2015</b>				
Framlag frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg .....	1.069.237	1.076.463	31.396.836	32.473.299
	<b>1.069.237</b>	<b>1.076.463</b>	<b>31.396.836</b>	<b>32.473.299</b>

#### Staða 31. desember 2014

Framlag frá Ríkissjóði og Reykjavíkurborg .....	1.053.907	1.062.180	32.042.427	33.104.607
	<b>1.053.907</b>	<b>1.062.180</b>	<b>32.042.427</b>	<b>33.104.607</b>

#### (d) Vaxtaáhætta

Samstæðan býr við vaxtaáhættu af lántöku með breytilegum vöxtum. Upphæð lánsins var 128,3 milljónir króna þann 31/12 2015 og vextir þá 5,3%. Ef vaxtakjör lánsins breytast um 1% til hækkanar eða lækkunar, þá lækka eða hækka vaxtgjöld um 1,2 milljónir króna á ári.

Veröbréfaútgáfa samstæðunnar er á föstum vöxtum þannig að hún býr ekki við vaxtaáhættu af henni. Samstæðan býr hins vegar við verðtryggingaráhættu af veröbréfaútgáfunni vegna vísitölutengingar, en að teknu tilliti til að framlag frá ríki og borg er einnig vísitölutryggt er nettó áhætta af verðtryggingu engin.

#### (e) Gjaldmiðlaáhætta

Gjaldmiðlaáhætta samstæðunnar er óveruleg og tengist einkum viðskiptum við erlenda viðburðahaldara og listamenn.